

HAFNARFJARÐARBÆR



www.hafnarfjordur.is



7. fundur Framkvæmdanefnd um uppbyggingu knatthúss á Ásvöllum, þann 24. nóvember 2020, kl. 16:00.

Viðstaddir voru.

Starfshópur.

Kristinn Andersen, formaður
Brynjar Þór Gestsson
Daði Lárusson
Samúel Guðmundsson
Karl Guðmundsson

Með starfshópnum starfa:

Sigurður Haraldsson	Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs
Geir Bjarnason	Íþróttá- og tómstundarfulltrúi
Rósa Steingrímsdóttir	Sviðstjóri fjármálasviðs
Magnús Gunnarsson	Framkvæmdastjóri Hauka

Eftirfarandi var tekið fyrir.

1. Staða fjárhagsáætlunar

Farið yfir stöðu á fjárhagsáætlun en fyrri umræða fjárhagsáætlunar verður 25. nóvember næstkomandi. Rætt var um uppbyggingu á Ásvöllum, knatthús og æfingarvellir.

2. Minnisblað frá Verkís lagt fram.

Kristinn fór yfir minnisblað frá Verkís dagsett 13. nóvember, en þar hafa þeir farið yfir hönnun, framkvæmdir og kostnað með öðrum ráðgjöfum verkefnisins. Með þessari rýni og endurskoðun hefur kostnaður lækkað og er ásættanlegur og í samræmi við það sem lagt hefur verið upp með.

3. Skipulagsmál

Skipulagsdeildin er í samtali við Skipulagsstofnun vegna deiliskipulags, ljóst er að það þarf að fá sem fyrst niðurstöðu með Skipulagsstofnun, til að deiliskipulagið klárast.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 17:00

Næsti fundur verður 10. desember næstkomandi.